

# **Úthlutunarreglur 2012–2013**

**Ásamt útskýringum og dæmum**

**Lánasjóður íslenskra námsmanna  
2012**

## Efnisyfirlit

Lánshæft nám - Almennt .....	5
Lánshæft nám á Íslandi .....	7
Lánshæft nám erlendis .....	8
Námsframvinda - Almennt .....	10
Lánshæfar einingar.....	10
Námsslengd .....	11
Aukið svigrúm í námi .....	12
Lokun skuldabréfs .....	16
Grunnframfærsla .....	17
Framfærsla námsmanns.....	17
Tekjur .....	18
Hvað telst til tekna? .....	19
Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna .....	19
Almennar forsendur .....	20
Lán til einhleypra námsmanna .....	20
Lán til einstæðs foreldris.....	20
Lán vegna meðlagsgreiðslna .....	21
Lán til námsmanns í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð.....	21
Lán vegna maka .....	21
Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa .....	22
Lán vegna skólagjalda .....	22
Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns.....	23
Lán vegna sjúkratrygginga.....	24
Vaxtastyrkur .....	24
Lán vegna ferðakostnaðar .....	24
Umsóknir um námslán .....	26
Útborgun námslána .....	27
Um ábyrgðir á námslánum og réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.....	28
Greiðsla félagsgjalda .....	31
Breytingar á aðstoð .....	31
Vísvitandi villandi upplýsingar .....	31

Ofgreidd lán.....	32
Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.....	33
Mistök sjóðsins .....	33
Vafamál.....	33
Samnorrænar reglur .....	35
Endurgreiðslur námslána.....	36
Vextir G-lána og verðtrygging .....	36
Endurgreiðslutími.....	37
Árleg endurgreiðsla .....	38
Undanþágur.....	39
Frysting námslána .....	39
Lán sem sjóðurinn hefur veitt.....	40
Sé greitt eftir fleiri kerfum.....	40
Vanskil.....	41
Fylgiskjal I Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2012-2013.....	42
Fylgiskjal II Framfærsla erlendis, hámark skólagjaldalána og hámarkstími til tungumálanáms sem undirbúningsnám .....	44
Fylgiskjal III Sérnám á Íslandi .....	46
Skilgreiningar á helstu hugtökum.....	49
Atriðaorðaskrá.....	50
Helstu breytingar á úthlutunarreglum skólaársins 2012-2013:.....	52
Framfærslufla .....	54
Dæmi .....	56



## I. Kafli – Lánshæft nám

### 1.1 Almennt

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við viðurkennda skóla eða menntastofnanir sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Nám telst lánshæft ef það er skipulagt sem fullt nám í kennsluskrá skóla, 60 ECTS-einingar (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation System“) á hverju skólaári eða a.m.k. 30 ECTS-einingar á hverju misseri í þeim tilvikum þegar námsskipulagið nær ekki yfir heilt skólaár.

Heimilt er að veita námslán vegna skólagjalda, án framfærslu, til náms sem ekki er skipulagt sem 60 ECTS-eininga nám á skólaárinu, sbr. 2. mgr. Námið verður þó að vera skipulagt sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám á hverju námsári, þ.e. 75% af fullu námi, sbr. gr. 2.1, þó aldrei á lengri tíma en 12 mánuðum.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms sem er framhald af doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.1, telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að umsækjandi sé fjárráða.

#### 1.1.1 Réttindi íslenskra námsmanna

Íslenskir ríkisborgarar eiga rétt til námslána uppfylli þeir eitt af eftirtöldum skilyrðum, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 478/2011:

1. Umsækjandi hafi haft 5 ára samfellda búsetu hér á landi fyrir umsóknardag.
2. Umsækjandi hafi verið við launuð störf hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir umsóknardag og haft samfellda búsetu á Íslandi á sama tíma eða starfað í skemmri tíma en 12 mánuði fyrir umsóknardag og haft búsetu á Íslandi í tvö ár samlagt á samfelldu 5 ára tímabili.

3. Hafi launað starf umsækjanda síðustu 12 mánuði fram að upphafi náms ekki verið samfelld, er þó heimilt að samþykka umsókn í ákveðnum tilvikum sem eru tilgreind í 3. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Að auki er stjórn sjóðsins heimilt í sérstökum tilfellum að leggja sterk tengsl umsækjanda við Ísland að jöfnu við að framangreind skilyrði séu uppfyllt.

### **1.1.2 Réttindi norrænna námsmanna**

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma.

### **1.1.3 Réttindi EES-ríkisborgara**

Námsmenn, sem eru ríkisborgarar í EES-ríki og fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri, eiga rétt á námslánnum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum, sbr. 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 478/2011:

1. Umsækjandi um námslán er launþegi eða sjálfstæður atvinnurekandi, hefur starfað og átt lögheimili skemur en 5 ár á Íslandi og samhengi er milli fyrra starfs og væntanlegs náms.
2. Umsækjandi um námslán hefur haft 5 ára samfellda búsetu á Íslandi fyrir umsóknardag.

### **1.1.4 Réttindi annarra erlendra námsmanna**

Erlendir ríkisborgarar öðlast lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita þeim ríkisborgarétt.

Erlendir ríkisborgarar, aðrir en ríkisborgarar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem eru í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum sem uppfylla ákvæði. gr. 1.1.1, og hafa átt lögheimili á Íslandi að lágmarki 2 ár, sl. 5 ár áður en nám hefst, geta sótt um námslán vegna náms sem er stundað á Íslandi eða á Norðurlöndunum.

Aðrir erlendir ríkisborgarar geta átt rétt á námslánnum skv. þessari gr. njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

## 1.2 Lánshæft nám á Íslandi

### 1.2.1 Á háskólastigi

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

**Háskóla Íslands**  
**Háskólanum á Akureyri**  
**Háskólanum á Bifröst**  
**Háskólanum á Hólum**  
**Háskólanum í Reykjavík**  
**Landbúnaðarháskóla Íslands**  
**Listaháskóla Íslands**

### 1.2.2 Sérnám á Íslandi

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað a.m.k. eins árs starfsnám á framhaldsskólastigi, samþykkt af menntamálaráðuneyti, sem fengið hefur jákvæða umsögn af viðkomandi starfsgreinaráði, og er ekki launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. gr. 3.1.1 og 3.2. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhaldsskólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig ólánshæft. Að meðtöldum launuðum starfsnámstíma er námið að hámarki lánshæft 75% af heildartíma námsins.

Ef sérnám beint eftir grunnskólapróf er skipulagt sem fimm missera nám eða styttra í skóla er það ólánshæft fyrsta misserið, en annars tvö fyrstu misserin (6–8 missera nám).

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða upp á nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein.

Nánar er gerð grein fyrir lánshæfu sérnámi á Íslandi í fylgiskjali III.

## 1.3 Lánshæft nám erlendis

### 1.3.1 Háskólanám

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.8 um lán vegna skólagjalda.

### 1.3.2 Sérnam

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða viðurkenndan skóla af menntamálayfirvöldum í landinu, námið sé skipulagt sem a.m.k. eins árs nám og sé nægilega veigamikið að mati stjórnar sjóðsins hvað varðar eðli, uppbyggingu, inntökuskilyrði og starfsréttindi. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. gr. 3.1.2 og 3.2.

### 1.3.3 Einkanám í tónlist

Skilyrði láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið viðurkenndu háskólaprófi í tónlist. Hámarksnámsstími sem lánað er til einkanáms er allt að tvö námsár eða 120 ECTS-einingar, sbr. þó gr. 2.3.1.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrikomulag og tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara. Almennt er gerð krafa um að kennari starfi eða hafi starfsreynslu sem tónlistarskólakennari á háskólastigi.

### 1.3.4 Tungumálanám sem undirbúningsnám

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingaeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám í landi þar sem annað tungumál en enska eða norðurlandamál (annað en finnska) er talað. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á meistara- eða doktorsstigi, sbr. gr. 2.3.1, hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda meistara- eða doktorsnám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarkseiningafjöldi sem veitt er lán til skv. þessari grein, fer eftir viðkomandi tungumáli og er á bilinu 30-90 ECTS-einingar. Sjá nánar í fylgiskjali II.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu tungumálanámi er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í því námi. Fáir námsmaður tungumálanámið metið til styttingar á nýju námi kemur það til styttingar á þeim tíma sem námsmaður á ekki rétt á aðstoð.



Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða a.m.k. tveggja mánaða skipulagt nám sem talist getur nægjanlega veigamikilið að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati stjórnar sjóðsins (a.m.k. 15 kennslustundir á viku). Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt að fullu þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

### **1.3.5 Upplýsingar um lánshæft nám erlendis**

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað hefur verið til. Ef sótt er um lán í skóla eða námsbraut sem sjóðurinn hefur ekki lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið.

## II. Kafli – Námsframvinda

### 2.1 Almenn

Almennt telst námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS–einingum eða ígildi þeirra á skólaári í einum námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Veitt er að hámarki lán fyrir 30 ECTS-einingum á hverju misseri eða 20 ECTS-einingum á hverjum fjórðungi. Á sumarönn er veitt lán fyrir að hámarki 20 ECTS-einingum. Aldrei er veitt meira lán en fyrir 80 ECTS-einingum á hverju námsári.

Hámarksfjöldi eininga sem lánað er fyrir á einstökum námsbrautum tekur mið af skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs en metnar einingar úr fyrra námi teljast ekki til námsframvindu.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 2. mgr., og leyfilegum hámarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.3. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á lokun skuldabréfs í þann ára- eða einingafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

#### 2.1.1 Sumartími

Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu námsári. Námsmaður þarf að ljúka að lágmarki 12 ECTS-einingum á sumarönn til að eiga rétt á sumarláni. Aldrei er veitt meira lán en sem nemur 20 ECTS-einingum á sumarönn og 80 ECTS-einingum samtals á hverju námsári. Sækja þarf sérstaklega um sumarlán. Til að eiga rétt á sérstöku skólagjaldaláni á sumarönn þarf námsmaður að ljúka a.m.k. 60 ECTS-einingum á námsárinu, sbr. gr. 4.8.

### 2.2 Lánshæfar einingar

Til að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að ljúka að lágmarki 18 ECTS-einingum eða ígildi þeirra á hverju misseri eða samsvarandi hlutfalli á önn í fjórðungaskólum. Loknar einingar í einum eða fleiri námsferlum veita rétt til námslána, leggi námsmaður stund á tvær grunnháskóla- eða tvær meistara-gráður samhliða, sbr. gr. 2.3. Þetta á einnig við ef námsmaður er að ljúka grunnháskólanámi og hefur fengið leyfi skóla til að hefja meistaranám í sama fagi. Sama gildir þegar námsmanni er gert af skóla að bæta við sig námskeiðum í lánshæfu grunnháskólanámi samhliða meistaranámi. Þessi heimild er háð því að námsmaður hafi ekki áður fullnýtt svigrúm sitt til námslána skv. gr. 2.3.

Ekki er heimilt að veita lán til náms í tveimur námsferlum á sömu önn í óskyldu námi. Þannig er t.d. óheimilt að veita lán til náms í sitt hvorum skólanum þegar um er að ræða mismunandi námsbrautir sem stefna ekki að sambærilegum námslokum.

Ljúki námsmaður 18 - 30 ECTS-einingum á misseri á hann rétt á láni vegna lokinna eininga, þ.e. allt að 30 einingum.

Einungis er lánað einu sinni fyrir hverja lokna einingu nema í námi þar sem fjöldatakmörkanir eru, sbr. gr. 2.4.1.

## 2.3 Námslengd

### 2.3.1 Grunn- og meistaranám

Námsmaður á rétt á láni fyrir 180 ECTS-einingum í grunnnámi. Með grunnnámi er átt við sérnám, grunnháskólanám og einkanám í tónlist.

Námsmaður á rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum í meistaranámi eða sambærilegu námi að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir fjögur ár. Allt að eins árs starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera nám á meistarastigi.

Að auki á hver námsmaður rétt á láni fyrir 120 ECTS-einingum til viðbótar á grunn- og meistarastigi að eigin vali.

Heimilt er að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindum háþörkum og veita lán fyrir allt að 60 ECTS-einingum til viðbótar uppfylli námsmaður eitt eftirfarandi skilyrði:

- a) Hann hefur áður staðist lokapróf í lánshæfu námi og á ólokið 60 ECTS-einingum eða færri til lokaprófs í öðru lánshæfu námi. Með lokaprófi er átt við próf til staðfestingar starfs- eða háskólagráðu, en ekki undirbúnings-, fornáms- eða frumgreinapróf.
- b) Hann hefur áður a.m.k. í þrjú aðstoðarár á námstíma fengið undanþágu frá almennum skilyrðum um námsframvindu skv. gr. 2.4.5 vegna örorku eða lesblindu. Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en 600 ECTS-einingar.

### 2.3.2 Doktorsnám

Námsmaður í doktorsnámi á rétt á láni fyrir 180 ECTS-einingum vegna þess náms, þó geta lán hans hjá sjóðnum aldrei farið umfram 600 ECTS-einingar.

#### Yfirlit yfir fjölda lánshæfra eininga á hverju námsstigi

	Grunn- nám	Meistara- nám	Doktors- nám
Almennt	180	120	180
Svigrúm	120		0
Undan- þága	+60		-60

### 2.3.3 Fimm og tíu ára reglurnar

Námsmenn sem stunda áfram sama nám og þeir voru byrjaðir í fyrir námsárið 2011-2012 og hafa ekki gert lengra hlé á námi sínu en eitt námsár síðan 2010-2011, njóta áfram lánsheimildar skv. gr. 2.3.2 og 2.3.3 (5 og 10 ára reglurnar) eins og þeim er lýst í úthlutunarreglum 2010-2011.

## 2.4 Aukið svigrúm í námi

Þeir námsmenn sem ekki uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarksnámsframvindu, sbr. gr. 2.2, geta sótt um undanþágu vegna aðstæðna sem tilgreindar eru í gr. 2.4.1 – 2.4.5. Í þeim tilfellum sem undanþágur eru samþykktar miðast lánsréttur við lágmarkseiningafjölda, þ.e. 18 ECTS-einingar á misseri í missera-skólum eða 12 ECTS-einingar á önn í fjórðungaskólum.

### 2.4.1 Almennt

Námsmaður sem lýkur fleiri en 30 ECTS-einingum á misseri á rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama námsárs svo framarlega sem lágmarksárangri er náð á því misseri, sbr. gr. 2.2, eða flytja umframeiningarnar á síðari námsár í sama námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka telst hann skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til og skal skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en lánsréttur hans er metinn. Einingaskuld sem er orðin meira en tíu ára gömul skal þó ekki meðtalin. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni, sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir, lán til þess að endurtaka misserið einu sinni.

Námsmaður getur átt lánsrétt út á lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4 í eftirfarandi tilfellum:

- a) Námsmaður er að ljúka námi og á eftir færri einingar en skilyrði um lágmarksnámsframvindu segja til um, sbr. gr. 2.2, til að ljúka námi. Er heimilt að miða lánsrétt við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4, bæti námsmaður við sig þeim einingum sem upp á vantar, óháð námsferlum og gráðu skv. gr. 2.2.
- b) Námsmaður hefur dvalið erlendis sem skiptinemi, (t.d. ERASMUS og NORDPLUS) og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarkseiningafjölda til lokaprófs skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins.

### 2.4.2 Mat á ástundun

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmaður tekur einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu. Heimilt er að veita lán út á 30 ECTS-einingar ef skýrt kemur fram í vottorði að viðkomandi hafi stundað fullt nám. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin og kunna áður afgreidd lán að vera endurkræf sem ofgreidd lán, sbr. gr. 5.7.

Sé námsmaður að ljúka námi er ekki heimilt að afgreiða lán að fullu á námsárinu fyrir en staðfesting á námslokum liggur fyrir.

### 2.4.3 Veikindi

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður veikist verulega á námstíma. Er þá heimilt að bæta allt að 6 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4. Veikist námsmaður á seinni hluta annar eða í prófum er heimilt að bæta allt að 18 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þannig að lánsréttur miðist við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður verður að hverfa frá námi vegna veikinda er heimilt að veita hlutfallslegt lán fyrir þann tíma sem námsmaður stundaði nám og staðfestur er af skólayfirvöldum, að hámarki 18 ECTS-einingar í misseraskólum og samsvarandi hlutfall í fjórðungaskólum. Í þeim tilfellum þar sem námsmaður hefur greitt skólagjald fyrir tímabilið og fær það ekki endurgreitt frá skóla (staðfest af umræddum skóla), verður hann ekki endurkrafinn um skólagjaldalánið eins og um ofgreidd lán hefði verið að ræða. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa.

Undanþága þessi getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka, barns eða foreldra námsmanns hafa kallað á innlög á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda námsmanns er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma vitjað var læknis og á hvaða tímabili námsmaður var óvinnufær vegna veikinda að mati læknis. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda maka, barns eða foreldra er að læknisvottorði sé framvísað þar sem greinilega komi fram hvenær læknis var vitjað, að um veruleg veikindi hafi verið að ræða og hvenær umönnunar var þörf.

Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast maki, börn, foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Námsmaður sem hefur fengið undanþágu vegna veikinda en skilað minna en 12 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka framangreindum 12 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum.

#### 2.4.4 Barneignir

Almennt skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í láns hæfu námi eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 13 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar þegar lán til hans er reiknað og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á síðari hluta meðgöngu og fram að 12 mánaða aldri barns. Fæðingarvottorð/læknisvottorð þarf að liggja fyrir í slíku tilviki.

Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm beggja foreldra vegna barneignar ekki vera hærra en 13 ECTS-einingar í misseraskólum og samsvarandi hlutfall í fjórðungaskólum.

#### 2.4.5 Örorða og lesblinda

Geti námsmaður vegna örorku sinnar ekki skilað lágmarksnámsárangri, sbr. gr. 2.2 er heimilt að bæta allt að 9 ECTS-einingum í misseraskólum og samsvarandi hlutfalli í fjórðungaskólum við loknar einingar og miðast þá lánsréttur hans við lágmarkseiningafjölda, sbr. gr. 2.4.

Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að fyrir liggja mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð. Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda eða aðrir sértækir námsörðugleikar valda námsmanni verulegum erfiðleikum og hægja óhjákvæmilega á námsframvindu hans að mati sérfræðings og skóla.

## 2.5 Lokun skuldabréfs

### 2.5.1 Almennt

Skuldabréfi er lokað þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er þá miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Telst sá tímapunktur námslok í skilningi laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reglugerðar nr. 602/1997 um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir lokun skuldabréfs. Ef námsmaður er byrjaður að greiða af eldri námslánum og hefur nám að nýju er ekki veitt aftur hlé frá endurgreiðslum fyrri lána.

### 2.5.2 Frestun á lokun skuldabréfs

Heimilt er að fresta lokun skuldabréfs ljúki námsmaður lánshæfum námsárangri á næsta námsári eftir að hann þáði síðast aðstoð. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina fyrir 1. desember 2012 og eftir því sem við á gilda sömu reglur um frestun á lokun skuldabréfs eins og gilda um lánsúmsókn og námsframvindu, sbr. II. kafli – Námsframvinda.

Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt námsár er ekki heimilt að fresta lokun skuldabréfs og miðast lokun skuldabréfsins þá við lok síðasta aðstoðartímabils fyrir námshlé. Þegar námsmaður hefur aftur nám að loknu slíku námshléi skal líta á það sem nýtt nám með útgáfu á nýju skuldabréfi.

### 2.5.3 Skilyrði til útskriftar uppfyllt

Eigi námsmaður rétt á frestun á lokun skuldabréfs, sbr. gr. 2.5.2, skal hún teljast við lok þess námstíma sem námsmaðurinn uppfyllir öll skilyrði til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns, t.d. vegna síðbúinna skila á upplýsingum hefur ekki í för með sér frestun á lokun skuldabréfs.

### 2.5.4 Svigrúm til námslána fullnýtt

Eigi námsmaður ekki rétt frekari lánnum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm sitt til námslána, sbr. gr. 2.1 og 2.3, skal lokun skuldabréfs miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

### 2.5.5 Vafi um lokun skuldabréfs

Stjórn sjóðsins ákveður lokun skuldabréfs í vafatilfellum.



## III. Kafli – Framfærsla og tekjur

### 3.1 Grunnframfærsla

#### 3.1.1 Grunnframfærsla á Íslandi

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2012–2013 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er 140.600 kr. (sjá nánar fylgiskjal I) eða 21.090 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem námsmaður lýkur.

#### 3.1.2 Grunnframfærsla í útlöndum

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma skólaárið 2012–2013, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Framfærsla námsmanna erlendis miðast við landið/borgina þar sem skólinn er staðsettur. (Sjá nánar fylgiskjal II).

#### 3.1.3 Framfærsla skiptinema

Skiptinemar geta óskað eftir að framfærsla þeirra taki mið af framfærslu í því landi þar sem skiptinámið er stundað. Útreikningur miðast þá við gengi 1. júní 2012.

#### 3.1.4 Framfærsla fjarnámsnema

Framfærsla fjarnámsnema miðast við framfærslu í búsetulandinu. Námsmaður verður að sýna fram á skráningu í skipulagt fjarnám skv. kennsluskrá skóla með staðfestum gögnum og búsetu erlendis ef við á.

### 3.2 Framfærsla námsmanns

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir í gr. 4.2–4.6 áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans. Lán samkvæmt gr. 4.4 og gr. 4.7–4.12 eru til viðbótar lánnum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánnum samkvæmt ákvæðum gr. 3.3.

## 3.3 Tekjur

### 3.3.1 Tekjur

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2012 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á skólaárinu 2012-2013. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 1. júní 2012.

35% tekna námsmanns á árinu 2012 umfram 750.000 kr. koma til frádráttar á námsláni. Í þeim tilfellum þegar veitt eru makalán koma 35% sameiginlegra tekna hjóna/einstaklinga í staðfestri samvist/einstaklinga í skráðri sambúð á árinu 2012 umfram 1.125.000 kr. til frádráttar. Frádrætti vegna tekna skal að jafnaði dreift jafnt á 60 ECTS-einingar.

### 3.3.2 Komið úr námshléi

Heimilt er að fimmfalda frítekjumark námsmanns sem kemur úr námshléi, sbr. gr. 3.3.1, enda liggja fyrir að hann hafi ekki verið í námi s.l. 6 mánuði. LÍN áskilur sér rétt til að óska eftir gögnum því til staðfestingar ef þess er talin þörf. Í þeim tilfellum þegar veitt eru makalán koma 35% sameiginlegra tekna hjóna/einstaklinga í staðfestri samvist/einstaklinga í skráðri sambúð á árinu 2012 umfram 5.625.000 kr. til frádráttar.

### 3.3.3 Tekjuáætlun - skattframtal

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 2012.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á vormisseri skulu sjóðnum berast staðfestar skattframtalsupplýsingar vegna tekna á árinu 2012.

### 3.3.4 Endanlegt tekjutillit

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattfirvalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina. Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan þriggja mánaða. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattfyrvöldum.

### 3.3.5 Ófullnægjandi tekjuáætlun

Stjórn sjóðsins getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

## 3.4 Hvað telst til tekna?

### 3.4.1 Tekjur á árinu 2012

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2012 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt gr. 3.3.

### 3.4.2. Námsstyrkir

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. gr. 4.8.

### 3.4.3 Sérstakir námsstyrkir

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sækji námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. NORDPLUS- og ERASMUS-styrkþegar eiga ekki rétt á ferðaláni frá LÍN.

### 3.4.4 Frádráttur frá tekjum

Til frádráttar tekjum koma skólagjöld sem námsmaður fær ekki lánað fyrir vegna þess að hann hefur nýtt skólagjaldarétt sinn skv. gr. 4.8 og föst afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

### 3.4.5 Viðbótarlífeyrissparnaður greiddur út 2012

Þeir umsækjendur sem fá greiddan út viðbótarlífeyrissparnað á árinu 2012 geta óskað eftir því að hann verði undanþeginn við útreikning á námsláni skólaárið 2012-2013. Sækja verður um leiðréttingu vegna skólaársins fyrir 1. maí 2013.

## 3.5 Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

## IV. Kafli – Lánaflokkar

### 4.1 Almennar forsendur

Lán taka almennt mið af aðstæðum, fjölskyldustærð og búsetu, eins og þær eru skráðar í þjóðskrá hinn 1. september ár hvert. Ef aðstæður breytast á skólaárinu eftir 1. september er þó tekið tillit til þess við ákvörðun lána samkvæmt gr. 4.2 – 4.6 og 4.12 og mun það leiða til 50% hækkunar eða lækkunar á þeim lið eins og við á.

### 4.2 Lán til einhleypra námsmanna

#### 4.2.1 Námsmenn sem búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3. Einhleygur námsmaður, barnlaus hjón eða sambýlissólk, skulu sanna eðlilegar leigugreiðslur með afitri af greiðslumiða til skattfirvalda eða staðfesta íbúðareign með vottorði frá Fasteignamati ríkisins /þinglýsingarvottorði.

#### 4.2.2 Námsmenn sem hvorki búa í leiguhúsnæði né eigin húsnæði

Framfærsla námsmanns sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði er 50% af grunnframfærslu en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3.

#### 4.2.3 Námsmenn sem búa hjá efnalitlum foreldrum/foreldri

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá efnalitlum foreldrum upp í 100%, ef tekjur hvors foreldris um sig eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðöldum námsmanni.

### 4.3 Lán til einstæðs foreldris

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 8.622 kr. fyrir fyrsta barn fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað erlendis, sbr. gr. 3.1. Fyrir annað barn reiknast 8.191 kr. (95%), þriðja barn 6.898 kr. (80%), fjórða barn 6.467 kr. (75%) og fimmta barn og fleiri 6.035 kr. (70%) fyrir hverja ECTS-einingu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3.

Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma, t.d. þegar um sameiginlegt forræði er að ræða. Í þeim tilfellum þegar um sameiginlegt forræði er að ræða og barnið á ekki lögheimili hjá námsmanni, ber námsmanni að leggja fram staðfestan samning frá sýslumanni um umgengnisrétt óski hann eftir viðbótarframfærslu vegna barnsins. Ef báðir foreldrar eru lánþegar, þá er viðbótarframfærslu vegna barns skipt á milli foreldra í samræmi við samning um umgengnisrétt.

## 4.4 Lán vegna meðlagsgreiðslna

Námsmaður getur sótt sérstaklega um viðbótarlán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé vegna barna sem eru 18 ára og yngri. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Lánað er vegna meðlags á námstíma, 3.250 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 1. júní 2012.

## 4.5 Lán til námsmanns í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð

Framfærsla námsmanns í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð er grunnframfærsla sem hækkar fyrir hvert barn námsmanns eða maka ef barnið á lögheimili hjá honum eða býr sannanlega hjá honum á námstíma. Fyrir fyrsta barn hækkar framfærslan um 4.773 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er sé nám stundað á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Fyrir annað barn reiknast 4.535 kr. (95%), þriðja barn 3.819 kr. (80%), fjórða barn 3.579 kr. (75%) og fimmta barn og fleiri 3.341 kr. (70%) fyrir hverja ECTS-einingu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum, sbr. gr. 4.6.

Séu báðir aðilar í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega.

## 4.6 Lán vegna maka

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi /staðfestri samvist/skráðri sambúð hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.

- b) Námsmaður og maki hafa langveikt eða fatlað barn á framfæri sínu og maki starfar ekki utan heimilis vegna umönnunar barnsins. Skilyrði er að barnið hafi lögheimili hjá námsmanni og maka og að læknisvottorði sé framvísað.
- c) Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki á ekki rétt á atvinnuleyfi í námslandinu. Þeir námsmenn sem fengu makalán skólaárið 2009-2010 og stunda áfram nám í sama námsferli skólaárið 2012-2013 eiga áfram rétt á að sækja um makalán.

Ef veitt er lán vegna maka koma tekjur maka til frádráttar á láninu, sbr. gr. 3.1.1 og 3.3.2.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á námsárinu.

## 4.7 Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bókakaupa. Veitt er 800 kr. á hverja ECTS-einingu sem lokið er sé nám stundað á Íslandi og sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1.

## 4.8 Lán vegna skólagjalda

Lán vegna skólagjalda að frádregnum óskattskyldum skólagjaldastyrk eru veitt til grunnnáms (til grunnnáms telst sérnám, grunnháskólanám og einkanám í tónlist), meistaranáms og doktorsnáms, sbr. gr. 2.3. Samanlögð heildarupphæð sem hægt er að fá til skólagjaldalána í öllum námsferlum er 3.500.000 kr. vegna náms á Íslandi og ákv. hlutfall af þeirri upphæð vegna náms erlendis, sbr. fylgiskjal II þar sem heildarupphæð til skólagjaldalána er tilgreind eftir námslöndum.

Fyrir þá sem stunda grunnnám gildir að aldrei er veitt hærra skólagjaldalán á hverju námsári en sem nemur 1/3 af heildarupphæð til skólagjaldalána í námslandinu. Árlegt hámarkslán til skólagjalda í grunnnámi á Íslandi er því 1.166.667 kr. og í grunnnámi erlendis sama hlutfall (1/3) af heildarupphæð til skólagjaldalána eins og tilgreint er í fylgiskjali II.

Ef lánþegi skiptir um námsland, þá er reiknað út hversu hátt hlutfall hann hafði áður nýtt sér af skólagjaldahámarki fyrra námslands og það hlutfall notað áfram í næsta námslandi þegar svigrúm fyrir frekara skólagjaldaláni er fundið.

Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 60.000 kr. Eftirfarandi kostnaður er ekki innifalinn í skólagjöldum; námsferðir eða aðrar ferðir, gisting, fæði, tölvu- eða annar tækjabúnaður, efnis- eða bókakostnaður eða annar sambærilegur kostnaður. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir sundurliðun

skólagjalda og þar sem við á draga frá skólagjaldaláninu allan framangreindan kostnað áður en skólagjaldalán er afgreitt.

Einingis er heimilt að veita skólagjaldalán fyrir námi í einum námsferli á hverju misseri/önn námsársins. Ennfremur er almennt ekki heimilt að veita skólagjaldalán vegna námskeiða sem tekin eru utan námsbrautar í námi sem LÍN hefur ekki viðurkennt sem lánshæft.

Námsmaður verður að skila lánshæfum námsárangri, sbr. gr. 2.2, til að eiga rétt á skólagjaldaláni á námstímanum. Skólagjaldalán eru veitt fyrir hvert misseri námsársins að loknum 18 ECTS-einingum, í tvö misseri að loknum 36 ECTS-einingum og á sumarmisseri að loknum 60 ECTS-einingum. Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil eru veitt skólagjaldalán fyrir einn fjórðung að loknum 12 ECTS-einingum, fyrir tvo fjórðunga að loknum 24 ECTS-einingum, fyrir þrjá fjórðunga að loknum 36 ECTS-einingum og fyrir nám á sumarönn að loknum 60 ECTS-einingum.

Heimilt er að greiða út lán vegna skólagjalda fyrir eitt misseri við upphaf náms-tímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema, fyrir annað misseri að loknum 18 ECTS-einingum og fyrir þriðja misseri að loknum 36 ECTS-einingum. Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil er fyrirframgreiðsla heimil með sama hætti vegna annars fjórðungs að loknum 12 ECTS-einingum, vegna þriðja fjórðungs að loknum 24 ECTS-einingum og vegna sumarannar að loknum 36 ECTS-einingum.

Vakin er athygli á því að tekjur námsmanns geta haft áhrif á upphæð skólagjaldalána, sbr. gr. 3.4.

## 4.9 Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns

Heimilt er að veita námsmanni aukalán sem samsvarar framfærslu fyrir allt að 7 ECTS-einingum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar verði ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti. Á þetta t.d. við þegar námsmanni verður, vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýtri lánsheimild. Hafa skal hliðsjón af þeim bótum sem námsmaður fær samkvæmt gildandi tryggingalögjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknavottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast maki, börn, foreldrar námsmanns og maka, afar

og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra. Ef slíkt aukalán er veitt greiðist það út með framfærsluláni sbr. gr. 5.2.1.

## 4.10 Lán vegna sjúkratrygginga

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um lán til að mæta þeim kostnaði. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélagunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af grunnframfærslu að teknu tilliti til fjölskyldustærðar og búsetu, en þó að hámarki 350.000 kr. á skólaárinu. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaæftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á náms-tíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

## 4.11 Vaxtastyrkur

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði skal greiða 400 kr. í vaxtastyrk fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er. Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

## 4.12 Lán vegna ferðakostnaðar

### 4.12.1 Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna

Lán vegna ferðakostnaðar miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á viðbótarláni vegna ferða maka og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2 og gr. 4.12.3.

### 4.12.2 Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis

Ferðalán vegna náms erlendis ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 35.000 krónur á mann, en 40.500 krónur á



einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 52.000 krónur í Norður Ameríku og 92.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annars staðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum fjárhæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar. NORDPLUS- og ERASMUS-styrkþegar eiga ekki rétt á ferðaláni frá LÍN.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 1. júní 2012.

#### **4.12.3 Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi**

Ferðalán vegna náms á Íslandi ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna einstaklings og maka 18.000 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

#### **4.12.4 Greiðslutími ferðalána**

Ferðalán greiðist út með framfærsluláni til þeirra sem hafa uppfyllt skilyrði sjóðsins um lágmarksnámsframvindu, sbr. gr. 2.2.

## V. Kafli – Umsóknir og útborgun lána

### 5.1 Umsóknir um námslán

#### 5.1.1 Umsóknareyðublöð

Sótt er um námslán á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefnum ([www.lin.is](http://www.lin.is)). Umsóknareyðublöðin fást einnig á skrifstofu sjóðsins.

#### 5.1.2 Umsóknir og gildistími

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Umsókn verður að hafa borist sjóðnum fyrir:

- 1. desember 2012 vegna náms haustið 2012;**
- 1. maí 2013 vegna náms vorið 2013;**
- 1. júlí 2013 vegna náms sumarið 2013.**

#### 5.1.3 Fylgiskjöl og skilafrestur

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð; þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi tímabili.

#### 5.1.4 Aðstoð

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

#### 5.1.5 Afgreiðsla umsókna og annarra erinda

Ákvarðanir stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skulu tilkynntar skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, sbr. gr. 5.10.3, mál endurupptekið, sbr. gr. 5.10.4 eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, sbr. gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnýslulögum, nr. 37/1993.

### 5.1.6 Lánsáætlun

Á grundvelli upplýsinga námsmanns, m.a. um tekjur og fjölskylduhagi, fær hann útfyllta lánsáætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka, sbr. gr. 5.2.4. Eftir yfirferð lánsáætlunar ber námsmanni að láta sjóðinn vita ef þær upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar reynast rangar.

### 5.1.7 Umboðsmaður

Námsmaður erlendis skal hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. hefur umboð til undirritunar skuldabréfs fyrir hans hönd.

### 5.1.8 Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla

Skilyrði sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, til þess að teljast lánshæfir sem lántakendur hjá sjóðnum, eru að þeir séu ekki á vanskilaskrá né í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldprotameðferðar.

Teljast námsmaður ekki lánshæfur skv. framangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað eða leggi fram ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi, s.s. veð eða sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila.

## 5.2 Útborgun námslána

### 5.2.1 Útborgun námslána

Útreikningur á námsláni og útgáfa lánsáætlana vegna skólaársins 2012-2013 hefst í byrjun ágúst 2012. Þá verða skólagjaldalán, sbr. gr. 4.8, vegna haustannar afgreidd fyrirfram til þeirra sem áður hafa lokið lánshæfum námsárangri og óskuðu eftir slíkri fyrirframgreiðslu í lánsúmsókn sinni.

Útborgun framfærslu-, bóka- og ferðalána vegna haustannar og fyrirframgreiðsla skólagjalda vorannar hefst í byrjun janúar 2013 til þeirra sem uppfylla skilyrði sjóðsins um lágmarksnámsframvindu á önninni, sbr. gr. 2.2. Með sömu framangreindum skilyrðum hefst útborgun framfærslu- og bókalána vegna vorannar og fyrirframgreiðsla skólagjalda sumarannar í lok apríl 2013.

Skilyrði er að námsmaður hafi lagt fram gögn um námsárangur sinn, tekjuáætlun eða skattframtal og aðrar þær upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði á Íslandi sem skal vera á nafni námsmanns.

Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi. Lánveitingum vegna námsársins 2012-2013 skal þó lokið fyrir 15. janúar 2014. Eftir þann tíma er

hvorki hægt að afgreiða lán né gera athugasemdir við afgreiðslu láns á námsárinu.

Skilyrði þess að námsmaður fái lán vegna skólagjalda sbr. gr. 4.8 greitt út fyrirfram er að hann hafi áður lokið láns hæfum námsárangri.

Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru fyrirframgreidd lán vegna skólagjalda endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

### **5.2.2 Útreikningur lána erlendis**

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 1. júní 2012. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi við útborgun.

### **5.2.3 Staðfesting á tekjum**

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2012 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

### **5.2.4 Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða**

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi fjármálastofnunar og að fenginni lánsáætlun námsmanns.

### **5.2.5 Skuldabréf og bankareikningur**

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi gefið út skuldabréf í eigin nafni til tryggingar láninu. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

## **5.3 Um ábyrgðir á námslánum og réttindi og skyldur ábyrgðarmanna**

### **5.3.1 Eðli sjálfskuldarábyrgðar**

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námsskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálf-skuldarábyrgðarmanni án undangengings dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtubókun.

Tilnefnd ábyrgðarfjárhæð ábyrgðarmanns miðast við tilgreinda vísitölu og skal að jafnaði ekki vera hærrí en 7,0 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram framangreinda hámarksábyrgð vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem uppreiknuð ábyrgð hans nær 7,0 m.kr. Lágmarks-ábyrgð er 100 þús.kr.

### 5.3.2 Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðarfírlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára og fjárráða, en enginn hámarksaldur gildir um þá. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar sjóðsins og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Í þeim tilvikum skal lágmarksábyrgðartími vera 10 ár eftir fyrsta gjalddaga eða 15 ár eftir að ábyrgð er veitt. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda. Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Óheimilt er að samþykkja ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá, í vanskilum við sjóðinn eða til gjaldprotameðferðar.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi kann að fá til viðbótar. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp og ný sett í staðinn með samþykki sjóðsins.

### 5.3.3 Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfufur

Séu ábyrgðarmenn fleiri en einn bera þeir óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfufétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðarmönnum.

Verði vanskil á námskuld getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru eingöngu þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Ábyrgðarmaðurinn ber engu að síður áfram ábyrgð á þeim lánnum sem þegar hafa verið veitt. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

### 5.3.4 Veðtrygging

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 65% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan við 65% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á sölumat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 60% af sölumati.

## 5.4 Greiðsla félagsgjalda

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu gjalds vegna félagsaðildar að Sambandi Íslenskra Námsmanna erlendis (SÍNE). Sjóðurinn dregur félagsgjaldið af námsláninu.

## 5.5 Breytingar á aðstoð

### 5.5.1 Tilkynningaskylda námsmanns

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veiðingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduadstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um vegna umsóknar hans um námslán eða frest á lokun skuldabréfs.

### 5.5.2 Leiðrétting á útreikningi

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrir-komulag endurgreiðslna.

## 5.6 Vísitandi villandi upplýsingar

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

Háttsemi sem brýtur í bága við lög, s.s. skjalafals, getur haft refsíabyrgð í för með sér.

## 5.7 Ofgreidd lán

### 5.7.1 Ofgreidd lán

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, ófullnægjandi námsrángurs eða annarra ástæðna, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega. Námsmaður hefur val um að staðgreiða ofgreiðslulánið eða samþykka sérstakt endurgreiðslubréf með einum ábyrgðarmanni og skal lánstími þess að jafnaði ekki vera lengri en 15 mánuðir. Ef um er að ræða ofgreitt lán vegna skólagjalda sem sannanlega hafa verið greidd og ekki fást endurgreidd frá skólanum má fresta innheimtu ofgreidda lánsins fram á upphaf næstu annar. Ef námsmaður skilar ekki staðfestingu á innritunavottorði í sama skóla fyrir umrædda önn er útbúið skuldabréf og skal lánstími að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Frekari námsaðstoð er stöðvuð þar til námsmaður hefur gert upp hið ofgreidda lán. Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við útborgunargengi lánsins.

### 5.7.2 Skuldabréf

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána skulu að jafnaði bera vexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánum og leggjast vextirnir á þá fjárhæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

### 5.7.3 Vextir

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

### 5.7.4 Innheimta

Ofgreitt lán kemur til innheimtu eftir að námsrángur og önnur gögn eiga að hafa borist sjóðnum. Geri námsmaður ekki upp ofgreitt lán innan tilskilins frests er skuldabréfinu lokað, sbr. gr. 2.5.1, og innheimta skal hið ofgreidda lán sem aukaafborgun af námsláni hans.



## 5.8 Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns

### 5.8.1 Námsmenn á Íslandi

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

### 5.8.2 Námsmenn á Norðurlöndum

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsopgørelse“, í Noregi „skatteopgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skattsedel“.

### 5.8.3 Námsmenn í öðrum löndum

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

### 5.8.4 Endurgreiðsla

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

## 5.9 Mistök sjóðsins

Verði mistök við veitingu námsláns, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

## 5.10 Vafamál

### 5.10.1 Hlutverk stjórnar

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, sbr. gr. 5.10.5.

### 5.10.2 Málsmeðferð

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra

mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

### **5.10.3 Rökstuðningur**

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim megin sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

### **5.10.4 Endurupptaka**

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

### **5.10.5 Málskotsnefnd**

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

## VI. Kafli – Samnorrænar reglur

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð frá LÍN er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð (lán eða styrk) frá öðrum norrænum lánasjóðum, sbr. eftirfarandi:

### Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

#### DANMÖRK

Styrelsen for Videregående Uddannelser og Uddannelsesstøtte (SU)  
Bredgade 43  
DK-1260 København K  
Sími: 00-45-72317900  
Bréfasími: 00-45-72317801  
Veffang: <http://www.su.dk/>

#### NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning (SLK)  
P. boks 195, Østre Aker vei 20  
N-0510 Oslo 5  
Sími: 00-47-22726700  
Bréfasími: 00-47-22642636  
Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

#### FINNLAND

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral  
P.O. Box 228  
SF-40 101 Jyväskylä 10  
Sími: 00-358-20-4346770  
Bréfasími: 00-358-20-4346710  
Veffang: <http://www.kela.fi/>

#### SVÍÐJÓÐ

Centrala studiestödsnämnden (CSN)  
Norra Tjärngatan 2-6  
S-851 82 Sundsvall  
Sími: 00-46-60-186290  
Bréfasími: 00-46-60-186006  
Veffang: <http://www.csn.se/>

## VII. Kafli – Lánskjör

### 7.1 Endurgreiðslur námslána

Endurgreiðslur námslána taka mið af ákvæðum hvers skuldabréfs og þeim lögum sem í gildi voru þegar lánin voru tekin. Að öðru leyti gilda samþykktar úthlutunarreglur hverju sinni.

Fylgiskjöl vegna umsókna eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

### 7.2 Vextir G-lána og verðtrygging

#### 7.2.1 Lánskjör

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá lokun skuldabréfs.

Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs. Lánþega ber að greiða 1,2% lántökugjald í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

#### 7.2.2 Verðtrygging

Lán úr sjóðnum eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun um lokun skuldabréfs er skuld uppreiknuð og grunnvísitala skuldabréfs miðuð við vísitölu neysluverðs á lokunardegi.

#### 7.2.3 Lokun skuldabréfs

Þegar skuldabréfi hefur verið lokað, sbr. gr. 2.5, skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu, dagsetningu lokunar og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

#### 7.2.4 Fullnýtt svigrúm

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt, sbr. gr. 2.5.4, og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

### 7.2.5 Gengið frá skuldabréfi

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

### 7.2.6 Námshlé o.fl.

Sæki lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi skal tilkynna honum að skuldabréfi hans verði lokað innan hálf mánaðar. Lokun skuldabréfsins er miðuð við lok síðasta aðstoðar-tímabils. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár, er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á lokun skuldabréfs.

## 7.3 Endurgreiðslutími

### 7.3.1 Lán er afborgunarlaust í tvö ár

Endurgreiðsla hefst tveimur árum eftir lokun skuldabréfs, sbr. gr. 2.5. Það á þó ekki við í þeim tilfellum þegar lánþegi hefur þegar hafið endurgreiðslur námsláns en endurgreiðslum hefur verið frestað, til dæmis vegna undanþágu frá afborgun, sbr. gr. 7.5, eða vegna frystingar námslána, sbr. gr. 7.6. Ef lokun skuldabréfs er á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar – 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum síðar. Sé skuldabréfi lokað á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá lokun. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

### 7.3.2 Vextir

Vextir reiknast frá lokun skuldabréfs. Fáí námsmaður greitt út lán eftir lokunardag skuldabréfs, reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

### 7.3.3 Ógjaldfallin uppgreiðsla

Lánþega er heimilt að greiða upp námslán fyrr en ákvæði skuldabréfs kveða á um.

Lánþegi sem greitt hefur upp ógjaldfallið námslán sitt getur óskað eftir að fá endurgreiðslu sem nemandi kostnaðarlækkun sjóðsins vegna uppgreiðslunnar. Skilyrði er að lánþeginn hafi greitt af námsláninu í a.m.k. fimm ár fyrir uppgjörið og að umsókn um endurgreiðslu hafi borist sjóðnum innan eins árs frá lokauppgjöri láns.

Við mat á endurgreiðslutíma og framtíðarafborgunum af námsláni án uppgreiðslu skal tekið mið af áætluðum framtíðartekjum lánþegans og þær

núvirtar með þeim vöxtum sem sjóðurinn greiðir af teknum lánnum. Framtíðar-tekjurnar skulu þó aldrei áætlaðar það lágar að endurgreiðslutími án upp-greiðslu verði umfram 15 ár.

Áður en kostnaðarlækkunin er metin skal lánþegi láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að áætla framtíðartekjur hans.

## 7.4 Árleg endurgreiðsla

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla á árinu 2012 er 113.991 kr. og miðast við vísitölu neysluverðs 384,6. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysluverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 3,75% af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 90/2003. Ef lánþegi er í sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign skv. kaupmála eða hjúskapar-eign. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysluverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslu-tíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Erlendar tekjur eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands undirliggjandi tekjuárs fyrir viðkomandi mynt þegar gjalddagi er myndaður. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Endurútreikningur fer síðan fram þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar eða þegar þær hafa verið enduráætlaðar skv. sérstakri ákvörðun stjórnar. Hafi tekjustofn verið of hátt áætlaður skal lánþega endurgreidd ofgreidd fjárhæð með almennum vöxtum óverðtrygðra bankalána.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækkun á viðbótar-greiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttar-vöxtum frá gjalddaga greiðslunnar.

## 7.5 Undanþágur

### 7.5.1 Undanþága vegna verulegra fjárhagsörðugleika

Sjóðsstjórn er heimilt að veita undanþágu frá afborgun námslána ef lánshæft nám, atvinnuleysi, óvinnufærni vegna veikinda, þungunar eða umönnunar barna, umönnunar maka eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega.

Óvinnufær vegna veikinda telst sá sem hefur rétt til örorkulífeyris skv. skilgreiningu Tryggingastofnunar. Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir gjalddaga afborgunar.

### 7.5.2 Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga

Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum, ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu. Heimildin miðast við að skyndileg og alvarleg veikindi, slys eða aðrar sambærilegar ástæður valdi verulegri skerðingu á ráðstöfunarfé og á möguleikanum til að afla tekna.

### 7.5.3 Sótt um undanþágu

Lánþegi sem óskar eftir undanþágu frá endurgreiðslu námsláns, til lækkunar eða niðurfellingar, skal sækja um það á þar til gerðu umsóknareyðublaði og láta nákvæmar upplýsingar sem þar er óskað eftir fylgja. Sækja þarf um undanþágu fyrir hvern gjalddaga fyrir sig.

Umsókn um undanþágu frá endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn.

Ef veitt er undanþága, þá á hún einungis við þann gjalddaga sem umsóknin miðaðist við. Veitt undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

## 7.6 Frysting námslána

Lánþegi getur sótt um frystingu námslána ef hann er þegar með frystingu á öðrum lánum sínum, svo sem fasteignalánum, hefur hafið sértæka skuldaaðlögun hjá viðskiptabanka sínum eða hefur fengið tillögu frá Umboðsmanni

skuldara um að þörf sé á frystingu námslána hans. Með frystingu námslána er átt við hefðbundnar afborganir námslána, þ.e. árlegar afborganir eins þær eru skilgreindar í gr. 7.4 en gildir ekki um ofgreiðslulán, aukagjalddaga og almenn skuldabréf sem hafa verið gefin út vegna vanskila. Stjórn LÍN ákveður hvort heimilt sé að frysta markaðskjaralán fyrir skólagjöldum.

Ekki er hægt að frysta námslán ef greiðandi er í vanskilum við sjóðinn frá því fyrir árið 2009. Frysting námslána miðar við tímalengd þess úrræðis sem er forsenda frystingarinnar, þó að hámarki í þrjú ár.

## 7.7 Lán sem sjóðurinn hefur veitt

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,50%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,50%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. nóv.
M	1961-67	3,50%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. nóv.
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apríl og 1. nóv.
X*	1976-82	Verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T**	1982-92	Verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992-2005	allt að 3% +verðtryggt	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.
G	2005-	allt að 3% +verðtryggt	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

\*nefnast V-lán eftir sameiningu

\*\*nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst

## 7.8 Sé greitt eftir fleiri kerfum

Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðsla þeirra lýkur eða á að vera lokið skal hann hefja endurgreiðslu G-lánsins.

Ef lánþegi skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.



## 7.9 Vanskil

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, er krafan send til lögmanna í innheimtu. Ef krafa á hendur lánþega er þegar í innheimtu hjá lögmönnum fara nýjar kröfur beint í innheimtu hjá lögmönnum. Þegar afborgun er í lögmansinnheimtu ber lánþega að semja um skuld sína beint við lögmenn án milligöngu sjóðsins. Standi lánþegi ekki í skilum, er sjóðnum heimilt að gjaldfella höfuðstól lánsins og innheimta með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

## Fylgiskjal I

### Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2012-2013

#### Framfærslugrunnur LÍN

Framfærslugrunnur LÍN skólaárið 2012-2013 gerir ráð fyrir að ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi séu kr. 2.060.063 og að þeim megi skipta niður á einstaka útgjaldaliði sem hér segir:

<i>Helstu útgjaldaliðir (sbr. vísitölu neysluv.)</i>	<i>Framfærslugrunnur LÍN (kr.)</i>
Matur og drykkjarvörur	492.787
Föt og skór	103.611
Húsnæði, hiti og rafmagn	973.654
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	14.977
Heilsugæsla	90.838
Ferðir og flutningar	73.645
Póstur og sími	94.570
Menntun, tómstundir og menning	170.070
Ýmsar vörur og þjónusta	45.911
<b>Alls</b>	<b>2.060.063</b>

Við útreikning framfærslugrunnsins er notað grunnviðmið neysluviðmiða Velferðarráðuneytisins auk húsaleigukostnaðar sem tekur hvort tveggja mið af fyrrnefndum neysluviðmiðum sem og leigu á stúdentagörðum háskólanna. Framfærslugrunnurinn er uppreiknaður frá síðasta námsári sem nemur hækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2011 samkvæmt Hagstofu Íslands.

## Grunnframfærsla LÍN

Í samræmi við ákvörðun stjórnar skal grunnframfærsla, sbr. gr. 3.1.1, í úthlutunarreglum LÍN, sýna lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á mánuði á námstíma, sem telst samkvæmt núgildandi reglum almennt 9 mánuðir.

Aðrar ráðstöfunartekjur námsmanna voru áætlaðar 750.000 kr. á skólaárinu 2011-2012. Launavísitala hækkað á árinu 2011 um 9,2% og er því miðað við að aðrar ráðstöfunartekjur námsmanna séu 818.716 kr. fyrir skólaárið 2012-2013. Í úthlutunarreglum LÍN er gert ráð fyrir að námsmenn geti verið með 750.000 kr. í árstekjur án þess að þær komi til skerðingar námslána, en 35% tekna umfram 750.000 kr. koma til frádráttar reiknuðu láni. Þetta jafngildir að til frádráttar komi 35% af mismuninum af 818.716 kr. og 750.000 kr., eða 24.051 kr. Ráðstöfunartekjur eru því áætlaðar 794.655 kr.

Grunnframfærslan er þannig ákveðin sem 1/9 af mismuni framfærslugrunnsins og áðurgreindra ráðstöfunartekna, þ.e. 1/9 af 1.265.342 kr. ( $2.060.063 - 794.655 = 1.265.408$ ). Grunnframfærsla LÍN verður því 140.600 kr. skólaárið 2012-2013.

Um er að ræða 5,9% hækkun á grunnframfærslu frá skólaárinu 2011-2012.

## Fylgiskjal II skólaárið 2012-2013

Framfærsla erlendis, hámark skólagjaldalána og hámarkstími til tungumálanáms sem undirbúningnáms.

<i>Land</i>	<i>Mynt</i>	<i>Grunnframfærsla 2012-2013</i>	<i>Framfærsla á hverja lánshæfa ECTS-einingu</i>	<i>Hámark skólagjaldalána</i>	<i>Hámarkstími tungumálanáms</i>
<b>Argentína</b>	USD	1.195	179	44.100	0,5 námsár
<b>Austurríki</b>	EUR	1.799	270	40.000	0,5 námsár
<b>Ástralía</b>	AUD	2.068	310	62.100	
<b>Bandaríkin A</b>	USD	2.204	331	44.100	
<b>Bandaríkin B</b>	USD	1.951	293	44.100	
<b>Belgía</b>	EUR	1.255	188	40.000	0,5 námsár
<b>Brasilía</b>	USD	1.421	213	44.100	0,5 námsár
<b>Búlgaría</b>	EUR	1.196	179	40.000	1 námsár
<b>Danmörk</b>	DKK	9.950	1.492	295.000	
<b>Egyptaland</b>	EUR	1.140	171	40.000	1,5 námsár
<b>Eistland</b>	EUR	1.231	184	40.000	1 námsár
<b>England</b>	GBP	1.216	182	27.400	
<i>London</i>	GBP	1.352	203	27.400	
<b>Finnland</b>	EUR	1.198	179	40.000	1 námsár
<b>Frakkland</b>	EUR	1.276	192	40.000	0,5 námsár
<i>Paris</i>	EUR	1.403	210	40.000	0,5 námsár
<b>Grikkland</b>	EUR	1.458	218	40.000	1 námsár
<b>Holland</b>	EUR	1.311	197	40.000	1 námsár
<b>Hong Kong</b>	USD	1.504	226	44.100	1,5 námsár
<b>Indland</b>	USD	1.259	189	44.100	
<b>Írská Lýðveldið</b>	EUR	1.444	216	40.000	
<b>Ísrael</b>	EUR	1.157	173	40.000	1,5 námsár
<b>Ítalía</b>	EUR	1.527	229	40.000	0,5 námsár
<b>Japan</b>	JPY	210.934	31.640	4.560.000	1,5 námsár
<b>Kanada</b>	CAD	1.829	274	57.800	
<b>Kína</b>	USD	1.504	226	44.100	1,5 námsár
<b>Kosta Ríka</b>	USD	1.284	193	44.100	0,5 námsár
<b>Króatía</b>	EUR	1.160	174	40.000	1 námsár
<b>Kúba</b>	USD	1.698	254	44.100	0,5 námsár
<b>Kýpur</b>	EUR	1.059	159	40.000	0,5 námsár

<i>Land</i>	<i>Mynt</i>	<i>Grunnframfærsla 2012-2013</i>	<i>Framfærsla á hverja lánshæfa ECTS-einingu</i>	<i>Hámark skólagjaldalána</i>	<i>Hámarkstími tungumálanáms</i>
<b>Lettland</b>	EUR	1.196	179	40.000	1 námsár
<b>Litháen</b>	EUR	1.196	179	40.000	1 námsár
<b>Lúxemborg</b>	EUR	1.285	193	40.000	0,5 námsár
<b>Malasía</b>	USD	1.564	235	44.100	
<b>Malta</b>	EUR	1.303	196	40.000	
<b>Mexíkó</b>	USD	1.964	295	44.100	0,5 námsár
<b>Norður-Írland</b>	GBP	1.216	182	27.400	
<b>Noregur</b>	NOK	10.078	1.512	301.000	
<b>Nýja - Sjáland</b>	AUD	2.030	305	62.100	
<b>Perú</b>	USD	1.344	202	44.100	0,5 námsár
<b>Portúgal</b>	EUR	1.002	150	40.000	0,5 námsár
<b>Pólland</b>	EUR	1.196	179	40.000	1 námsár
<b>Rúmenía</b>	EUR	1.220	183	40.000	1 námsár
<b>Rússland</b>	EUR	1.299	195	40.000	1 námsár
<b>Sam. arabísku fur.</b>	USD	1.457	218	44.100	1,5 námsár
<b>Skotland</b>	GBP	1.216	182	27.400	
<b>Slóvakía</b>	EUR	1.160	174	40.000	1 námsár
<b>Slóvenía</b>	EUR	1.160	174	40.000	1 námsár
<b>Spánn</b>	EUR	1.332	200	40.000	0,5 námsár
<b>Suður-Afríka</b>	EUR	1.094	164	40.000	
<b>Suður-Kórea</b>	USD	1.896	284	44.100	1,5 námsár
<b>Sviss</b>	CHF	2.864	430	57.700	0,5 námsár
<b>Svíþjóð</b>	SEK	11.088	1.663	359.000	
<b>Tékkland</b>	EUR	1.220	183	40.000	1 námsár
<b>Tyrkland</b>	EUR	1.246	187	40.000	1 námsár
<b>Tæland</b>	EUR	1.002	150	40.000	1,5 námsár
<b>Ungverjaland</b>	EUR	1.485	222	40.000	1 námsár
<b>Wales</b>	GBP	1.216	182	27.400	
<b>Þýskaland</b>	EUR	1.268	191	40.000	0,5 námsár
<b>München</b>	EUR	1.394	209	40.000	0,5 námsár

## Fylgiskjal III

### Sérnam á Íslandi, sbr. grein 1.2.2.

<b>Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar</b>	<b>Óláshæft misseri</b>	<b>Fjöldi lánshæfra missera</b>
<b>Iðngreinar</b>		
Grunnnám bíliðna	Óláshæft	0
Bíliðngreinar	Ekkert	6
Grunnnám bygginga-/mannvirkjagr.	Óláshæft	0
Húsa- og húsgagnsmíði	Ekkert	6
Málaraiðn	Ekkert	6
Múrsmíði	Ekkert	6
Fatatækni	1. og 2. misserið	2
Fataiðnbrautir	Ekkert	6
Grunnnám matvæla/veitinga	Óláshæft	0
Matvæla- og veitingaiðngreinar	Ekkert	5-6
Grunnnám málmíðna	1. og 2. misserið	2
Málmíðngreinar	Ekkert	4
Grunnnám rafiðna	1. og 2. misserið	2
Rafiðngreinar	Ekkert	4
Gull- og silfursmíði	1. misserið	6
Hársnyrtibraut	1. misserið	6
Meistaránám	Ekkert	1-4
Pípulagnir	1. misserið	6
Símismíði	1. misserið	6
Snyrtibraut	Almenna aðfaranámið	6
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	1. misserið	5
<b>Annað starfsnám</b>		
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	3
Ferðamálanám	Verknámið	2
Félagliðabraut	1. misserið	3
Heilsunudd	1. misserið	4
Flugumferðarstjóranám	Ekkert	1
Flugvirkjanám	Ekkert	5
Hljóðtækni	Ekkert	3
Heilbrigðisritarabraut	1. misserið	3
Leiðsögunám	Ekkert	2
Lyfjateknabraut	Almenna aðfaranámið	6
Læknaritarabraut	Starfsnámið	3
Margmiðlunarbraut	Ekkert	4
Matartæknánám	1. misserið	5
Sjúkraliðabraut	1. og 2. misserið	5
Skipstjórnarnám	1. og 2. misserið	6
Tanntæknabraut	1. misserið	4
Tækniteiknun	1. og 2. misserið	4
Vélstjórnarbraut	1. og 2. misserið	8

	<i>Ólánshæf misseri</i>	<i>Fjöldi lánshæfra missera</i>
<b>Háskólinn á Bifröst</b>		
Frumgreinadeild	Ekkert	2
<b>Háskólinn í Reykjavík</b>		
Frumgreinasvið	1. misserið	3
<b>Isavia</b>		
Flugumferðarstjóranám	Ekkert	3
<b>Keilir</b>		
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	3
Einkaþjálfari	Ekkert	2
Flugumferðarstjórn	Ekkert	1
Háskólabrú	Ekkert	3
<b>Kvikmyndaskóli Íslands</b>		
Kvikmyndagerð	Ekkert	4
<b>Ljósmyndaskólinn</b>		
Ljósmyndanám	Ekkert	5
<b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>		
Blómaskreytingar	Ekkert	6
Búfræði	Ekkert	4
Garðyrkjuframleiðsla	Ekkert	6
Skógur og náttúra	Ekkert	6
Skrúðgarðyrkjubraut	Ekkert	6

	<i>Ólánshæf misseri</i>	<i>Fjöldi lánshæfra missera</i>
<b>Lögregluskólinn</b>		
Lögreglunám	Starfsnámið	2
<b>Myndlistaskólinn á Akureyri</b>		
Myndlist	Ekkert	6
Grafísk hönnun	Ekkert	6
<b>Myndlistaskólinn í Reykjavík</b>		
Mótun	Ekkert	4
Teikning	Ekkert	4
Textíl	Ekkert	4
<b>Snyrti-Akademian</b>		
Snyrtifræði	Ekkert	5
Fótaaðgerðafræði	Ekkert	3
<b>Tónlistarskólar</b>		
Hljóðf.- og söngn. eftir framhaldsp.	Ekkert	2-4
Kennaradeildir	Ekkert	2



## Skilgreiningar á helstu hugtökum

- ECTS-eining:** ECTS (European Credit Transfer and Accumulation System) er samræmdur mælikvarði á nám í aðildarríkjum Evrópusambandsins og annarra þátttakenda í Bologna-ferlinu. 60 ECTS-einingar jafngilda fullu námsári.
- Fjórðungur/önn:** Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil, þ.e. haust-, vetrar- og vorönn er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í þrjá fjórðunga (annir) á námsárinu. Sumarönn telst vera fjórði fjórðungurinn.
- Fullt nám:** Námsmaður telst ljúka fullu námi ljúki hann 60 ECTS-einingum á skólaárinu.
- Grunnframfærsla:** Sú fjárhæð sem sýnir lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á námstíma eins og hún er skilgreind af stjórn sjóðsins.
- Lánsáætlun:** Eftir að námsmaður hefur sótt um námslán og skilað þeim gögnum sem sjóðurinn hefur óskað eftir, er reiknað út hversu hátt lán viðkomandi á rétt á miðað við tekjur og fjölskylduhagi. Lánsáætlun er birt rafrænt á „Mitt svæði“ námsmanns og gefur hún kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka námsmanns.
- Lokun skuldabréfs:** Skuldabréfi er lokað við lok þess tímabils sem námsmaður þiggur námslán, þ.e. við lok síðasta aðstoðartímabilsins. Vextir reiknast á lánið frá og með lokun skuldabréfs og almennt er miðað við að endurgreiðslur þess hefjist tveimur árum síðar.
- Misseri:** Ef skólaári er skipt upp í tvö jafnlöng tímabil að jafnaði, haust- og vormisseri er miðað við að námsmaður í fullu námi hafi stundað nám í tvö misseri. Sumarmisseri telst vera þriðja misserið.
- Námsferill:** Námsbraut sem lýkur með tiltekinni prófgráðu. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða prófgráðu.
- Námslengd:** Réttur námsmanna til námslána er tiltekinn í ECTS-einingum. Hafi námsmaður t.d. lokið 60 ECTS-einingum á skólaárinu og fengið lán fyrir þeim einingum, dragast þær frá þeim einingafjölda sem hann á rétt á lánunum til.
- Ofgreidd lán:** Ef námsmaður fær afgreitt hærra lán en hann á rétt á, t.d. vegna vanáætlaðra tekna eða fyrirframgreiddra skólagjaldalána og lýkur ekki lánshæfum námsrángri á önninni, ber honum að endurgreiða lánið sérstaklega.
- Sérnám:** Starfstengt nám sem ekki er kennt á háskólastigi. Nám á framhaldsskólastigi til stúdentsprófs telst ekki til sérnáms.
- Sjálfskuldarábyrgð:** Skuldarábyrgð sem er þannig háttað að ábyrgðarmanni er skylt að greiða skuldina á gjalddaga þótt kröfuhafi hafi engar tilraunir gert til að fá hana greidda hjá aðalskuldara.
- Skólaár:** Er almennt 9 mánuðir og hefst að hausti og lýkur að vori. Ef námsmaður stundar nám á sumarönn tilheyrir sú önn undangengnu skólaári.
- Svigrúm:** Möguleg lágmarksnámsframvinda og heildarlánstími í tilteknu námi. Er meðal annars átt við fjölda eininga sem heimilt er að lána fyrir.
- Undirbúningsnám:** Nám til undirbúnings námi á háskólastigi.
- Umframeiningar:** Ef námsrángur námsmanns er umfram 30 ECTS-einingar á einhverju misseri skólaársins, þá á viðkomandi rétt á að nýta umframeiningarnar á öðru misseri sama skólaárs eða síðar í sama námsferli svo framfarlega sem lágmarksrángri (18 ECTS) er náð á misserinu.
- Undirbúningsnám:** Nám til undirbúnings námi á háskólastigi.
- Útreikningsmynt:** Námslán eru reiknuð í mynt þess lands þar sem námsmaður stundar nám sitt. Í ákveðnum tilvikum er útreikningsmynt önnur en mynt námslands.

## Atriðaðorðaskrá

### A

Almenn lán vegna skólagjalda 22  
 Alvarleg veikindi eða andlát  
   í nánustu fjölskyldu 14, 23, 39,  
 Aukalán 23  
 Aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis 24  
 Aukið svigrúm 12  
 Aðstoðarár 11, 26  
 Aðstoðartímabil 16, 19, 37

### Á

Ábyrgðarmenn 30  
 Áhrif tekna 19  
 Árleg endurgreiðsla 38  
 Ástundunarvottorð 13

### B

Bankareikningur 28  
 Barneignir 15  
 Bókalán 22, 27, 57-58  
 Búseta 6, 17, 52

### D

Dánarþú 30  
 Doktorsnám 8, 12, 22, 52  
 Dyslexia 15

### E

ECTS-eining 5, 8, 10-15, 17-18, 20-24, 44-  
 45, 49, 52  
 EES 6,52  
 Eftirlit með tekjum 33  
 Einkanám 8,11, 22, 52  
 Endanlegt tekjutillit 18  
 Endurgreiðslunefnd 33  
 Endurgreiðslur 36-37, 49  
 Endurgreiðslutími 37, 39  
 Endurkröfur 30  
 Endurupptaka stjórnarmála 33  
 ERASMUS 13, 19, 25  
 Erlendir ríkisborgarar 6

### F

Ferðalán 19, 25, 27  
 Fjórðungur/önn 49  
 Fjöldatakmörkanir 11-13  
 Framfærsla 17, 20-21, 43-45, 49, 53  
 Fjárhagsörðugleikar 39  
 Frádráttur frá tekjum 19

Frestun 10, 16  
 Fullt nám 5, 13, 49  
 Fylgiskjöl 26, 36,52  
 Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða 28  
 Fyrsta árs nemar 23

### G

Gengi 17, 21, 25, 28-29, 32- 33, 37-38  
 Gjald dagar 40  
 Gjaldþrot 27, 29  
 Greiðslutími ferðalána 25  
 Greitt eftir fleiri kerfum 40  
 Grunnframfærsla 17, 20-21, 43-45, 49, 52  
 Grunnháskólanám 10-11, 22  
 Grunnám 11, 22, 42

### H

Hámarkssvigrúm 14-15  
 Háskólanám 7-8, 10-11, 22  
 Heildarsvigrúm 10-11  
 Hjónaband 21  
 Hækkun framfærslu 20, 43

### I

Innheimta 29, 32, 41  
 Innheimtustofnun sveitarfélaga 21

### K

Kennslulaun 18  
 Komið úr námshléi 18

### L

Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa 22  
 Lán til einstæðs foreldris 20  
 Lán til einstaklings sem hvorki býr  
   leigu húsnæði né eigin húsnæði 20  
 Lán til námsmanns í  
   hjónabandi/stafestri samvist 21  
 Lán til námsmanns sem býr í  
   leigu húsnæði eða eigin húsnæði 20  
 Lán vegna ferðakostnaðar 24  
 Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi 25  
 Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis 25  
 Lán vegna mæðraskoðunar og  
   ungbarnaæftirlits 24  
 Lán vegna maka 21-22  
 Lán vegna meðlagsgreiðslna 21  
 Lánsáætlun 27-28, 49  
 Lánsþæfar einingar 10  
 Lánsþæft nám erlendis 7, 9  
 Lánskjör 36  
 Lesblinda 15

Lokun skuldabréfs 10, 16, 31, 36-37, 49  
Læknisvottorð 14-15, 21-23  
Lögheimili 6, 15, 21, 25, 29

## M

Mat á ástundun 13  
Málskotsnefnd 26, 34  
Meðlag 21  
Misseri 5, 7, 10-12, 14-15, 18, 23, 46-47, 49, 52  
Mistök sjóðsins 33  
Mynt 17, 21, 25, 28, 38,44-45, 4  
Meistaránám 10-11, 22, 46, 51-52

## N

Námsferill 10, 13, 49  
Námsframvinda 9, 13, 16, 49  
Námshlé 16, 18, 37  
Námsslengd 11, 49  
Námslok 11, 13, 15, 40, 52  
Námsmaður eignast barn 15  
Námsmenn sem búa hjá efnalittlem foreldrum/foreldri 20  
Námsstyrkir 18-19  
Nám á háskólastigi 7  
NORDPLUS 13, 19, 25  
Norðurlönd 6, 33, 35

## O

Ofgreitt lán 32-33

## Ó

Ófullnægjandi tekjuáætlun 18  
Ógjaldfallin uppgreiðsla 37

## P

Prófvottorð 26

## R

Rannsóknarstyrkir 18  
Réttarstaða ábyrgðarmanna 30  
Réttindi erlendra námsmanna 6  
Röskun á stöðu og höfum námsmanns 23

## S

Sambúð 18, 21, 31, 38,56-57  
Sérnam 5, 7-8, 11, 22, 46, 49  
Sérstakt lán vegna aukaverðar 23  
Sjálfskuldarábyrgð 27-29, 49  
Sjúkrtryggingar 24  
Sumartími 10  
Skattframtöl 19  
Skilafrestur 26  
Skiptinemar 17

Skólaár 5, 10, 17, 19-20, 22-25, 27-28, 42-44, 49, 52  
Skólagjöld 19, 22, 40, 52-53  
Skuldabréf 10, 15-16, 27-32, 36-37, 40, 49, 53  
Staðfesting á tekjum 28  
Svigrúm 5, 10-12, 14-16, 22, 36, 49

## T

Tekjuáætlun 18  
Tekjur 18, 20-23, 27, 31-33, 38, 43, 49, 56-57  
Tekjur maka 22  
Tekjur til frádráttar 19  
Tilkynningaskylda námsmanns 31  
Tungumálanám sem undirbúningsnám 8

## U

Umboðsmaður 27  
Umsóknareyðublöð 26  
Umsóknarfrestur 26, 36, 52,  
Umsóknir 26  
Umsóknir og gildistími 26  
Undanþágur 12, 30, 39  
Undirbúningsnám 5, 8, 44, 49  
Upplýsingar um láns hæft nám erlendis 9  
Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna 19

## Ú

Útborgun lána 24, 26, 28  
Útreikningsmynt 49  
Útreikningur lána 28

## V

Viðbótarlífeyrissparnaður 19  
Vafamál 33  
Vafi um lokun skuldabréfs 16  
Vanskil 27,29-30, 38, 40-41, 53,  
Vaxtastyrkur 24  
Veðtrygging 30  
Veikindi 14, 21, 31, 39  
Verðtrygging 33, 36  
Vextir 32, 36-37, 40, 49  
Viðbótargreiðsla 38  
Viðbótarlán 19, 21-22, 24  
Vísitandi villandi upplýsingar 31

## Ö

Örorka 15, 21  
Önn 6, 10-12, 14, 20, 22-23, 27-28, 30, 32-33, 37, 39, 41, 49, 52

## Helstu breytingar á úthlutunarreglum skólaársins 2012-2013:

1. Almenn skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi sé fjárráða íslenskur ríkisborgari og uppfylli reglur um búsetu hér á landi fyrir umsóknardag. Að auki er heimilt að leggja sterk tengsl við Ísland að jöfnu við búsetuskilyrðin.
2. Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) sem ekki eru launþegar eða sjálfstæðir atvinnurekendur eiga rétt á að sækja um námslán eftir 5 ára samfellda búsetu hér á landi. Ef búsetan er skemri en 5 ár, þá verður að vera samhengi milli fyrra starfs og væntanlegs náms.
3. Við mat á lánshæfi sérnáms erlendis skal einnig horfa til inntökuskilyrða í námið.
4. Í einkanámi í tónlist er gerð sú almenna krafa að kennarinn starfi eða hafi starfsreynslu sem tónlistarskólakennari á háskólastigi.
5. Ekki er heimilt að veita lán til náms í tveimur námsferlum á sömu önn í óskyldu námi. Þannig er t.d. óheimilt að veita lán til náms í sitt hvorum skólanum þegar um er að ræða mismunandi námsbrautir sem stefna ekki að sambærilegum námslokum.
6. Námsmenn sem hafa fullnýtt námslámarétt sinn í grunn- eða meistaranámi geta ekki lengur fengið undanþágu fyrir 60 ECTS-einingum til viðbótar á þeim grunni að þeir skuldi samanlagt minna en 3 milljónir kr. í námslán.
7. Námsmenn í meistara- eða doktorsnámi sem eiga eftir minna en 18 ECTS-einingar af námi sínu eiga ekki lengur rétt á lágmarksláni á misseri vegna persónubundnar námsáætlunar.
8. Fjarnámsnemar verða að sýna fram á skráningu í skipulagt fjarnám skv. kennsluskrá skóla auk búsetu erlendis ef við á.
9. Í þeim tilfellum þegar veitt er undanþága frá lágmarksnámsframvindu, t.d. vegna veikinda eða barneigna, þá er veitt lágmarkslán, þ.e. 18 ECTS-einingar í misseraskólum og 12 ECTS-einingar í fjórðungaskólum.
10. Þegar veitt eru skólagjaldalán þá mega skólagjöldin ekki innihalda eftirfarandi kostnað: námsferðir eða annan ferðakostnað, gistingu, fæði, tölvu- eða annan tækjabúnað, efnis- eða bókakaup eða annað sambærilegt.
11. Grunnframfærsla á Íslandi hækkar um 5,9%, verður 140.600 kr. eða 21.090 kr./ECTS-einingu. Framfærsla erlendis hækkar almennt um 3%.
12. Veitt eru skólagjaldalán fyrir árlegum skólagjöldum umfram 60.000 kr.
13. Fylgiskjöl vegna umsókna um undanþágu frá afborgunum eða vegna beiðni um endurútreikning á tekjutengdri afborgun eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

14. Ef lánþegi greiðir upp ógjaldfallið námslán sitt getur hann við viss skilyrði óskað eftir kostnaðarlækkun á uppgreiðslunni og skal það gert innan árs frá lokauppgjöri lánsins.
15. Umsókn um undanþágu frá afborgun námsláns gildir bara fyrir þann gjalddaga sem umsóknin miðaðist við, þ.e. sækja þarf um undanþágu fyrir hvern gjalddaga fyrir sig.
16. Þegar sótt er um frýstingu námslána, þá á það við um hefðbundnar árlegar afborganir námslána, á ekki við um ofgreiðslulán, aukagjalddaga og vanskilaskuldabréf. Stjórn LÍN ákveður hvort heimilt sé að frýsta markaðskjaralán fyrir skólagjöldum.

## Framfærslutafla

Land	Mynt	Foreldr.	Grunnur	Hjón			Einst.	Einst.	Einst.
				foreldri	foreldri	foreldri	1	2	3
Fjöldi barna				1	2	3			
Argentína	USD		179	220	258	290	252	322	380
Austurríki	EUR		270	331	389	438	380	485	574
Ástralía	AUD		310	380	447	503	437	557	659
Bandaríkin A	USD		331	406	477	537	466	595	703
Bandaríkin B	USD		293	359	422	475	413	527	622
Belgía	EUR		188	231	271	305	265	338	399
Brasilía	USD		213	261	307	346	300	383	452
Búlgaríá	EUR		179	220	258	290	252	322	380
Danmörk	DKK		1.492	1.830	2.150	2.421	2.102	2.681	3.169
Egyptaland	EUR		171	210	246	277	241	307	363
Eistland	EUR		184	226	265	299	259	331	391
England	GBP		182	223	262	295	256	327	387
London	GBP		203	249	293	329	286	365	431
Finnland	EUR		179	220	258	290	252	322	380
Frakkland	EUR		192	235	277	311	270	345	408
París	EUR		210	258	303	341	296	377	446
Grikkland	EUR		218	267	314	354	307	392	463
Holland	EUR		197	242	284	320	278	354	418
Hong Kong	USD		226	277	326	367	318	406	480
Indland	USD		189	232	272	307	266	340	401
Írská Lýðveldið	EUR		216	265	311	350	304	388	459
Ísland	ISK	10.545	21.090	25.863	30.398	34.216	29.712	37.903	44.801
Ísrael	EUR		173	212	249	281	244	311	367
Ítalía	EUR		229	281	330	372	323	412	486
Japan	JPY		31.640	38.801	45.604	51.332	44.575	56.863	67.212
Kanada	CAD		274	336	395	445	386	492	582
Kína	USD		226	277	326	367	318	406	480
Kosta Ríka	USD		193	237	278	313	272	347	410
Krótía	EUR		174	213	251	282	245	313	370
Kúba	USD		254	311	366	412	358	456	540

Land	Mynt	Foreldr.	Grunnur	Einst.			Einst. foreldri	Einst. foreldri	Einst. foreldri
				Hjón 1	Hjón 2	Hjón 3			
<b>Fjöldi barna</b>				<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
Kýpur	EUR		159	195	229	258	224	286	338
Lettland	EUR		179	220	258	290	252	322	380
Litháen	EUR		179	220	258	290	252	322	380
Lúxemborg	EUR		193	237	278	313	272	347	410
Malasía	USD		235	288	339	381	331	422	499
Malta	EUR		196	240	283	318	276	352	416
Mexíkó	USD		295	362	425	479	416	530	627
Norður-Írland	GBP		182	223	262	295	256	327	387
Noregur	NOK		1.512	1.854	2.179	2.453	2.130	2.717	3.212
Nýja - Sjáland	AUD		305	374	440	495	430	548	648
Perú	USD		202	248	291	328	285	363	429
Portúgal	EUR		150	184	216	243	211	270	319
Pólland	EUR		179	220	258	290	252	322	380
Rúmenía	EUR		183	224	264	297	258	329	389
Rússland	EUR		195	239	281	316	275	350	414
Samein. arab.	USD		218	267	314	354	307	392	463
Skotland	GBP		182	223	262	295	256	327	387
Slóvakía	EUR		174	213	251	282	245	313	370
Slóvenía	EUR		174	213	251	282	245	313	370
Spánn	EUR		200	245	288	324	282	359	425
Suður-Afríka	EUR		164	201	236	266	231	295	348
Suður-Kórea	USD		284	348	409	461	400	510	603
Sviss	CHF		430	527	620	698	606	773	913
Svíþjóð	SEK		1.663	2.039	2.397	2.698	2.343	2.989	3.533
Tékkland	EUR		183	224	264	297	258	329	389
Tyrkland	EUR		187	229	270	303	263	336	397
Tæland	EUR		150	184	216	243	211	270	319
Ungverjaland	EUR		222	272	320	360	313	399	472
Wales	GBP		182	223	262	295	256	327	387
Þýskaland	EUR		191	234	275	310	269	343	406
München	EUR		209	256	301	339	294	376	444

### Dæmi A1:

Einstaklingur í foreldrahúsum.

Tekjur	+	850.000
Frítekjumark	-	750.000
Mismunur	=	100.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>35.000</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	632.700
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	35.000
<b>Heildarlán</b>	=	<b>645.700</b>

### Dæmi A2:

Einstaklingur í leiguhúsnæði/eigin húsnæði.

Tekjur	+	1.100.000
Frítekjumark	-	750.000
Mismunur	=	350.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>122.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.265.400
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	122.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.190.900</b>

### Dæmi A3:

Einstaklingur í sambúð með 1 barn.

Tekjur	+	1.300.000
Frítekjumark	-	750.000
Mismunur	=	550.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>192.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.551.780
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	192.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.407.280</b>

### Dæmi B1:

Einstaklingur í foreldrahúsum sem kemur úr vinnu, þ.e. löngu leyfi.

Tekjur	+	1.900.000
Frítekjumark	-	3.750.000
Mismunur	=	-1.850.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>0</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	632.700
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	0
<b>Heildarlán</b>	=	<b>680.700</b>

### Dæmi B2:

Einstaklingur í leiguhúsnæði/eigin húsnæði sem kemur úr vinnu, þ.e. löngu leyfi.

Tekjur	+	3.900.000
Frítekjumark	-	3.750.000
Mismunur	=	150.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>52.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.265.400
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	52.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.260.900</b>

### Dæmi B3:

Einstaklingur í sambúð með 1 barn sem kemur úr vinnu, þ.e. löngu leyfi.

Tekjur	+	4.000.000
Frítekjumark	-	3.750.000
Mismunur	=	250.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>87.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.551.780
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	87.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.512.280</b>



#### Dæmi A4:

Einstaklingur í sambúð með 2 börn.

<b>Tekjur</b>	+	<b>1.200.000</b>
Frítækjumark	-	750.000
Mismunur	=	450.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>157.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.823.880
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	157.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.714.380</b>

#### Dæmi B4:

Einstaklingur í sambúð með 2 börn sem kemur úr vinnu, þ.e. löngu leyfi.

<b>Tekjur</b>	+	<b>5.000.000</b>
Frítækjumark	-	3.750.000
Mismunur	=	1.250.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>437.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.823.880
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	437.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.434.380</b>

#### Dæmi A5:

Einstætt foreldri með 1 barn.

<b>Tekjur</b>	+	<b>800.000</b>
Frítækjumark	-	750.000
Mismunur	=	50.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>17.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.782.720
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	17.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.813.220</b>

#### Dæmi B5:

Einstætt foreldri með 1 barn sem kemur úr vinnu, þ.e. löngu leyfi.

<b>Tekjur</b>	+	<b>3.200.000</b>
Frítækjumark	-	3.750.000
Mismunur	=	-550.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>0</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	1.782.720
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	0
<b>Heildarlán</b>	=	<b>1.830.720</b>

#### Dæmi A6:

Einstætt foreldri með 2 börn.

<b>Tekjur</b>	+	<b>1.400.000</b>
Frítækjumark	-	750.000
Mismunur	=	650.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>227.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	2.274.180
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	227.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>2.094.680</b>

#### Dæmi B6:

Einstætt foreldri með 2 börn sem kemur úr vinnu, þ.e. löngu leyfi.

<b>Tekjur</b>	+	<b>4.500.000</b>
Frítækjumark	-	3.750.000
Mismunur	=	750.000
<b>35% skerðing</b>	-	<b>262.500</b>

Framfærsla fyrir 60 ECTS-ein.	+	2.274.180
Bókalán	+	48.000
Skerðing vegna tekna	-	262.500
<b>Heildarlán</b>	=	<b>2.059.680</b>



## Þú finnur:

Almennar upplýsingar á  
**www.lin.is** 

Persónulegar upplýsingar á  
**Mínu svæði** 

 LÁNASJÓÐUR  
 ÍSLENSKRA  
 NÁMSMANNA